

Yfirlit yfir framkvæmd markmiða í starfsáætlun fræðslumála í Reykjavík 2008

Markmið

Ábyrgð¹

Staða maí 2008

Markmið	Ábyrgð ¹	Staða maí 2008
Grunnskólar		
A. Þjónusta		
a) Jákvæð sjálfsmynd, góð andleg líkamleg og félagsleg líðan.		
Efla stuðning við skóla á grundvelli könnunar um hagi og líðan nemenda.	AÁS/Tor	Allir skólar hafa fengið niðurstöður fyrir skólann í samanburði við hverfi og borg. Námskeið fyrir kennara um jákvæða hegðun (ALP).
Próa og innleiða ný viðmið um jákvæða sjálfsmynd og félagsfærni barna og unglunga (3 ára verkefni sem lýkur 2008).	AÁS	Samstarfsverkefni Leikskóla- og Menntasviðs. Listi tilbúinn, TOR er að setja upp í notendavænt umhverfi á tölvutæku formi. Skilar væntanlega í vor (HL).
Mynda samráðsvettvang með ÍTR, samtökum foreldra og þjónustumiðstöðvum þar sem sjónum er sérstaklega beint að líðan og sjálfsmynd unglunga.	AÁS	Starfshópur (GJ)
Móta framkvæmdaáætlun um viðbrögð við hegðunarvanda (3 ára verkefni).	AÁS	Starfshópur (ALP) og starfshópur (AM) um tilhögun kennslu fyrir börn með tilfinningalega og hegðunarlega erfiðleika og skiptingu fjármagns til málaflokksins.
Stuðla að útgáfu fræðsluefnis fyrir foreldra og starfsfólk skóla um viðbrögð við fordómum.	AÁS	Ekki hafið
Samstarf um fræðslu fyrir nemendur, starfsfólk og foreldra um samkynhneigð og samfélag.	AÁS	Verkefnastjórn starfandi (GEB/SH).
Innleiða forvarnarstefnu Reykjavíkurborgar í samvinnu við þjónustumiðstöðvar.	AÁS	Fundur með deildarstjórum þjónustumiðstöðva (AÁS). Þátttaka í forvarnarhópi Rvíkur (NKC).
b) Stöðugar framfarir í námi og þroska á forsendum hvers og eins.		
Framfylgja tillögum starfshóps um hvernig efla megi málþroska og læsi í grunnskólum (3 ára verkefni).	AÁS	Í undirbúningi
Stofna starfshóp um vanda nemenda með alvarlega lesröskun.	AÁS	Starfshópur starfandi (HL), skilar í maí.
Vinna úr tillögum starfshóps um sveigjanleg skólaskil. Meta árangur af tilraunaverkefni um 2 ára nám á unglíngastigi.	AÁS	Fundur haldinn með skólastjórum í apríl
Starfshópur móti tillögur um kennslu þroskahamlaðra nemenda í almennum skólum, sérdeildum og sérskólum.	AÁS	Stýrihópur og þrjú undirhópar að störfum. Skilar væntanlega í maí (HL).
Hvetja skóla til að vinna áfram að þróun kennsluhátta, fjölbreyttu námsmati og auknum samstarfi kennara um árganga og/eða aldurshópa.	AÁS	Námskeið um teymiskennslu fyrir aðstoðarskólastjóra, deildarstjóra o.fl. lýkur í maí. Námskeiði skólastjóra lýkur í okt. 08.
c) Heildstæður skóladaður og tengsl skóla við grenndarsamfélagið		
Auka enn frekar samfellu í skóla- og frístundastarfi barna í samvinnu við aðrar stofnanir og hagsmunaaðila.	RP	Fundur haldinn með framkvæstjórum þjónustumiðstöðva, sviðsstjóra ÍTR og verkefnisstjóra samfellu hjá ÍTR. Þm. munu vinna málin áfram með skólum og hagsmunaaðilum í sínum hverfum.
Meta árangur af tilraunasamstarfi tónlistarskóla og grunnskóla.	HBS	ISMAT er að meta samstarfið og mun skila skýrslu í maí/júní.
d) Þátttaka foreldra í skólastarfi og gagnkvæm virðing og traust		

¹ Ragnar Þorsteinsson, Jón Ingi Einarsson, Auður Árný Stefánsdóttir, Björg Árnadóttir, Laufey Ólafsdóttir, Sigþór Örn Guðmundsson, Valgerður Janusdóttir, Hildur Björk Svavarsdóttir.

Kynna niðurstöður úr rýnihópum foreldra til að bæta skólastarfið.	HBS	Kynnt í menntaráði, á skólastjórafundi, allir skólar fengu eintak, kynnt í BRÚ og erindi haldið á ráðstefnu HA í apríl 2008.
Halda námskeið í samstarfi við þjónustumiðstöðvar fyrir erlenda foreldra um íslenskt skólakerfi og stoðþjónustu.	AÁS	Í vinnslu í framhaldi af útgáfu handbókar (NKC).
Stuðla að áframhaldandi þróun verkefnisins <i>Stoðir í skólastarfi um foreldrasamstarf</i> .	AÁS	Í undirbúningi (GJ/NKC).
Vinna í samstarfi við SAMFOK, Leikskólasvið og þjónustumiðstöðvar að því að skipuleggja foreldraþing í hverfum borgarinnar.	AÁS	Verkefni falið þjónustumiðstöðvum.
Kanna viðhorf foreldra til skólastarfs.	HBS	Könnun fór af stað í apríl. Lýkur með heildarskýrslu og skýrslu fyrir hvern skóla í júní.
Nýta niðurstöður könnunar um þátttöku innflytjenda í skólastarfi, m.a. við endurskoðun fjölmenningsráðstefnu.	RP/HBS	Hugmynd um ráðstefnu í haust í samstarfi við þjónustumiðstöðvar Breiðholts og Miðborg/Hlíða.
e) Virk mannréttindaáætlun og jafnræði til náms		
Efna til samvinnu við Námsgagnastofnun og sérfræðinga um námsefni í íslenskukennslu og gerð matsgagna til að meta íslenskukunnáttu barna sem læra íslensku sem annað tungumál.	AÁS	Tungumálaver í Laugalækjarskóla hefur sótt um styrk vegna gagnagrunns um námsefni í íslenskukennslu og matstæki. (NKC)
Koma á virku samstarfi við skrifstofu mannréttindamála um innleiðingu mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar í grunnskólum borgarinnar.	AÁS/VJ	Ekki hafið.
Fjölga fagráðgjöfum sem hafa sérþekkingu á málefnum innflytjenda og setja á fót teymi farkennara til að styðja nemendur sem læra íslensku sem annað tungumál.	AÁS	Fagráðgjafi var ráðinn í ÞB í janúar. Vinnuhópur hefru skilað tillögum um farkennarateymi. (NKC)
Endurskoða ferli um móttöku erlendra nemenda.	AÁS	Handbók gefin út og kynnt í maí. (NKC)
Standa ásamt háskólastofnunum að málþingi um kennslu í íslensku sem öðru tungumáli í grunnskólum.	AÁS	Ekki hafið. (NKC)
Meta árangur af þróunarverkefni um heimanám og lestrarkennslu fyrir börn með íslensku með annað tungumál.	AÁS	Stöðumati skilað um áramót og í maí. Verkefnið stendur út árið.
Stuðla að aukinni jafnréttisfræðslu í skólum samskvæmt tillögum starfshóps sem settur var á laggirnar til að minnst þess að öld er liðin síðan konur settust í bæjarstjórn Reykjavíkur.	AÁS	Boðið upp á einingabært starfstengt þróunarnám árið 2008 – 2009 í samstarfi við KHÍ.
Vinna að vitundarvakningu meðal unglunga um afleiðingar ótímabærs kynlífs í samræmi við tillögur ungmennaráðs Vesturbæjar.	AÁS/ þjónustu- miðstöð	Ekki hafið.
B. Fjármál		
a) Góð og hagkvæm nýting og stýring fjármuna		
Endurskoða reiknilíkan um skiptingu og nýtingu fjármagns til grunnskóla.	JIE	Búið að stofna starfshóp
Endurskoða og bæta innkaupaferla sem leiða til hagkvæmari innkaupa.	JIE	Er í gangi
Auka ábyrgð stjórnenda á gerð rekstraráætlana og útkomuspáa í rekstri. Sjá til þess að allar rekstrareiningar geri rekstraráætlun í upphafi árs.	JIE	Er í gangi
Gera þjónustusamninga við sjálfstætt rekna grunnskóla þar sem réttindi og skyldur Menntasviðs Reykjavíkurborgar og skólanna verða skilgreindar.	JIE	Ekki hafið
Innleiða rafræna skráningu um starfsemi mötuneyta.	JIE	Er í gangi
Endurskoða innheimtuferli skólamötuneyta (2 ára verkefni sem hófst 2006).	JIE	Er í gangi
C. Verklag		
a) Einstaklingsmiðað nám og markviss samvinna		

Kynna árangursríkar aðferðir sem stuðst hefur verið við í samstarfi skóla, foreldra og nemenda um gerð einstaklingsáætlana og mat á námsárangri (3 ára verkefni sem hófst 2006).	AÁS	Ath.
Skoða með skipulögðum hætti hvernig starfshættir og skipulag grunnskóla samræmast hugmyndum um einstaklingsmiðað nám og skóla án aðgreiningar (3 ára verkefni með heildarmati).	AÁS/BS/HBS	Heildarmat hefur farið fram í nokkrum skólum og verður haldið áfram (GEB/NKC).
Kanna notkun og gildi einstaklingsáætlana í námi.	HBS/AÁS	Foreldrar spurðir í foreldrakönnun 2008, viðhorf nemenda skoðuð í skólapúlsinum skólaárið 2008-2009, könnun meðal starfsfólks skóla á sama tíma.
Hvetja skóla til að leita fjölbreyttra leiða í námsmati og kynna þróunarverkefni móðurskóla og annarra á því sviði.	AÁS	Ekki hafið.
Setja á laggirnar sameiginlegan faglegan vettvang Menntasviðs og Leikskólasviðs; Brú.	RP	Þrír fundir voru haldnir í Brú á vorönn. Fyrirhugað framhald í haust.
Leita eftir samstarfi við háskólastofnanir um verkefni og rannsóknir m.t.t. aukins samstarfs leik- og grunnskóla.	RP/AÁS	Undirbúningur hafinn um samstarf við KHÍ.
Halda málþing um þarfir bráðgerra barna.	AÁS	Ekki hafið.
b) Skóli án aðgreiningar		
Þróa stoðþjónustu grunnskóla, m.a. með hliðsjón af úttekt á atferlisvanda nemenda.	AÁS	Starfshópur (AM/GJ/HL) hóf störf í jan. Skilaði tillögum í maí. Ákveðið að setja á fót framkvæmdahóp sem útfæri tillögurnar og skili í maí 2009.
Skipa starfshóp um tilhögun á kennslu nemenda með félagslegar, tilfinningalegar og hegðunarraskanir.	AÁS	Starfshópur (AM/GJ/HL) hóf störf í jan. Skilaði tillögum í maí. Ákveðið að stofna framkvæmdahóp sem útfæri tillögurnar og skili í maí 2009.
Styrkja ráðgjafarhlutverk sérskóla og sérdeilda fyrir börn með hegðunarvanda.	AÁS	Starfshópur (AM/GJ/HL) hóf störf í jan. Skilaði tillögum í maí. Ákveðið að stofna framkvæmdahóp sem útfæri tillögurnar og skili í maí 2009.
Endurskoða skipulag sérhæfðra sérdeilda í samræmi við stefnu, svo og þjónustu við nemendur með einhverfu og skyldar raskanir.	AÁS	Ekki hafið. Fer af stað í ágúst.
Framfylgja tillögum starfshóps um tilhögun á kennslu fyrir þroskahamlaða nemendur.	AÁS	Hefst í haust (HL).
Vinna með niðurstöður könnunar á líðan nemenda á táknaáætlunssviði Hlíðaskóla.	AÁS/RÞ	Niðurstöður hafa verið kynntar í menntaráði og í Hlíðaskóla. Ákveðið í maí að stofna starfshóp til að vinna að úrbótum.
c) Fjölbreytileiki og lýðræðisleg vinnubrögð		
Efla kennslu í verk- og listgreinum, t.d. með auknu samstarfi við framhaldsskóla.	AÁS/RÞ	Ekki hafið.
Efna til samstarfs við Bandalag íslenskra listamanna (BÍL) og móta tillögur um hvernig efla megi skapandi skólastarf. Kynna vegvísi UNESCO um listfræðslu í skólum.	AÁS/RÞ	Þróunarstyrkur til að efla listbúðir í skólum.
Hvetja sérstaklega til þróunarverkefna um list- og verkgreinakennslu með styrkveitingum á skólaárinu 2008-2009.	AÁS	Eitt af áhersluatriðum í styrkveitingum þróunarverkefna 2008 – 2009.
Nýta niðurstöður tilraunaverkefnis um breytta viðmiðunarstundaskrá til að samþætta námsgreinar og efla skapandi skólastarf.	AÁS	Niðurstöður liggja fyrir (BS).
Nýta tungumálaver Laugalækjarskóla enn frekar til að efla móðurmálskennslu barna sem læra íslensku sem annað tungumál.	AÁS	Pólskukennsla hafin, stefnt að öðru erlendu máli næsta haust. (NKC)

Efla nemendalýðræði í samstarfi við Vesturgarð með markvissri upplýsingamiðlun. Stuðst verði við reynslu af móðurskólaverkefni í Vogaskóla.	RP	Verður sett af stað í júní.
d) Mat á skólastarfi og skólaþróun		
Kalla eftir umbótaáætlunum og upplýsingum um sjálfsmat skóla.	RP/BS	Allir almennir grunnskólar og sérskólar skiluðu fullgildum umbótaáætlunum og upplýsingum um sjálfsmat. Yfirlit var lagt fram í menntaráði í feb. 2008.
Styðja með ráðgjöf við sjálfsmat skóla.	RP/AÁS	Verklagsreglur í vinnslu.
Gera heildarmat á 6- 8 grunnskólum.	RP/BS	Heildarmati er lokið í 7 grunnskólum 2007-2008. Skýrslur voru ritaðar um hvern skóla og niðurstöður kynntar í menntaráði í feb. 2008.
e) Virk upplýsingamiðlun og skýrir verkferlar		
Gefa út bækling um menntasstefnu Reykjavíkurborgar og kynna fyrir foreldrum og starfsfólki skóla	RP	Ekki hafið.
Veita skólum ráðgjöf og stuðning við að bæta heimasíður – þróa og innleiða gátlista um grunnupplýsingar á þeim.	SÖG	Ráðgjafar- og stuðningsteymi er þegar virkt og unnið er að því að flytja vefi grunnskóla yfir í nýtt umhverfi. Unnið er með skólunum um uppbyggingu vefsetranna. Verið er að þróa gátlista fyrir vefsíðurnar.
Smíða og kynna nýjan innri vef Menntasviðs.	VJ/RP	Vefurinn hefur verið tekinn í notkun og kynning er hafin.
Innleiða vottað gæðastjórnunarkerfi samkvæmt ISO 9001 á Menntasviði.	RP/IG	Er í vinnslu.
f) Öruggt, heilnæmt og vistvænt skólaumhverfi		
Styðja skóla við að setja sér umhverfisáætlun um endurnýtingu, endurvinnslu, ræstingu, orkusparnað o.fl. í samræmi við umhverfisstefnu Reykjavíkurborgar 2005-2010.	JIE	Ekki hafið
Veita skólum umhverfisverðlaun fyrir góðan árangur og góðar hugmyndir í umhverfisfræðslu.	AÁS	Ekki hafið.
Hvetja alla skóla til að taka þátt í umhverfisdögum að hausti og vori og skipuleggja umhverfisfræðslu, m.a. í samstarfi við Náttúruskólann.	AÁS	Haustlaukar sendir í alla skóla í haust. Fræðslufundur um útikennslu í samvinnu við Náttúruskólann í apríl. Hvatning send í alla skóla.
Veita grunnskólum ráðgjöf um bætt mataræði, hollustuhætti og hreyfingu (verkefni sem hófst 2006).	AÁS	Handbók gefin út á síðasta ári. Unnið að innleiðingu handbókarinnar.
Vinna áfram að átaki með Framkvæmdasviði Reykjavíkurborgar að endurgerð skólalóða sem öruggan vettvang fyrir leik og starf (verkefni sem hófst 2006).	AÁS/ Framkv. svið	Í gangi skv. áætlun.
D. Mannauður		
a) Árangursríkir stjórnunarhættir		
Veita ráðgjöf um hvernig nýta megi niðurstöður vinnustaðagreiningar og annarra kannana.	VJ	Mannauðsráðgjafar ásamt öðrum ráðgjöfum hafa komið að þessu verki
Veita ráðgjöf við að ná markmiðum sem byggja á heildarmati á skólastarfi.	VJ	Mannauðsráðgjafar hafa komið að þessu verki
Veita stjórnendum og öðrum sem málið varðar kennslu og ráðgjöf í notkun þjónustu-, fjármála- og upplýsingakerfa.	VJ	Unnið í samvinnu við Mannauðsskrifstofu ráðhússins og borgarbókhalda
Þróa fyrirkomulag handleiðslu fyrir nýja stjórnendur (mentora).	VJ	Endurskoðunin er í undirbúningi
Halda stjórnendanámskeið, <i>Skólastjórnir sem leiðtogi</i> , með erlendum og innlendum leiðbeinendum.	AÁS/VJ	Námskeið í gangi, lýkur í haust.
Halda sértæk námskeið til þess að efla mannauðsstjórnun.	VJ	Hefur verið í gangi í vetur fyrir skólastjóra og aðstoðarskólastjóra í samvinnu við Háskólann í Reykjavík

Móta og innleiða verklagsreglur um ráðningar og innleiða gagnvirkir umsókna- og ráðningakerfi.	VJ	Er í innleiðingu í samvinnu við Mannauðskrifstofu Ráðhússins
b). Jákvætt starfsumhverfi sem hvetur til starfsþróunar		
Nýta með markvissum hætti kannanir meðal starfsfólks til að bæta starfsumhverfi.	VJ	Verkefni sem er í stöðugri vinnslu
Efla mannauðsráðgjöf um málefni starfsmanna af erlendum uppruna með hliðsjón af þarfagreiningu.	VJ	Unnið á forsendum skýrslu frá starfshóp sem myndaður var af fulltrúum nokkurra sviða Reykjavíkurborgar, starfshópur er u.þ.b. að skila skýrslu.
Efla þekkingu á mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar og tryggja framkvæmd hennar í starfsmannamálum.	VJ	Hefur verið í biðstöðu
Halda málþing um viðbrögð við einelti og samskipti á vinnustað.	VJ	Kemur til framkvæmda í haust
Vinna úr áhættumati í grunnskólum og leggja til úrbætur í framhaldi af því.	VJ	Starfshópur að störfum
c) Eftirsóknarverður starfsvettvangur og jákvæð starfsímynd		
Setja á fót starfshóp í samstarfi við kennarasamtök til að efla jákvæða starfsímynd. Fjallað verður sérstaklega um menntun og samfélagslega stöðu kennara í tilefni þess að öld er liðin síðan lög voru sett um fræðslu barna og kennaraskóla.	VJ	Er í undirbúningi
Efla tækifæri til símenntunar og starfsþróunar með hliðsjón af vinnustaðagreiningu.	VJ	Inntak í námskeiði skólastjóra og aðstoðarskólastjóra unnið í samvinnu við Háaskólann í Reykjavík. Fleiri leiðir hafa verið í undirbúningi
Hvetja starfsmenn Menntasviðs til að nýta sér gjaldfrjálsa þjónustu borgarinnar, s.s. aðgang að sundlaugum og söfnum.	VJ	Er í gangi
d) Hæfir starfsmenn sem njóta símenntunar í samræmi við stefnumótun		
Efla deildarstjóra sem millistjórnendur með námskeiði um teymisvinnu.	VJ	Lauk í maí 2008
Hvetja starfsfólk, s.s. skólaritara, skólaliða og stuðningsfulltrúa til að stunda starfstengt nám á framhaldsskólastigi samhliða starfi.	VJ	Er í gangi
Sjá til þess að símenntun starfsfólks í skólasamfélaginu taki mið af fjölmenningarlegu samfélagi.	VJ	Er í endurskoðun í samræmi við niðurstöður starfshóps sem myndaður er þvert á svið borgarinnar
Þróa fyrirkomulag námskeiða í íslensku fyrir starfsfólk af erlendum uppruna.	VJ	Er í endurskoðun í samræmi við niðurstöður starfshóps sem myndaður er þvert á við borgarinnar
Halda námskeið um innleiðingu gæðahandbókar fyrir starfsfólk skólamötuneyta.	AÁS/VJ	Er í umsjón ráðgjafa á grunnskólaskrifstofu/er í framkvæmd
Halda námskeið fyrir starfsfólk Menntasviðs um málproska og læsi.	AÁS/VJ	Er lokið
Halda áfram með átak í símenntun um: Upplýsinga- og tölvutækni í grunnskólum – Tölvutök (verkefni sem hófst 2006). Bætt samskipti og hegðun (verkefni sem hófst 2006).	VJ/AÁS	Tölvutök eru í gangi, þriggja ára verkefni, lýkur vor 2009 Verkefninu Bætt samskipti og hegðun lýkur í sumar 2008
E. Skólahljómsveitir		
Kynna áfram skólahljómsveitir fyrir nemendum í 2. – 4. bekk, m.a. með bæklingi og hljóðfærakynningum.	LÓ	Hljóðfærakynningar hafa farið fram og bæklingur hefur verið sendur til allra nemenda í 2., 3. og 4. bekk.
Auka framboð á hljóðfærakennslu á skólatíma í samstarfi við skólastjórnendur og foreldra.	LÓ	Hlutfallið hefur aukist frá síðasta skólaári

Efla samstarf skólahljómsveita og tónlistarskóla.	LÓ	Hefur ekki aukist á þessu skólaári
Allar skólahljómsveitir í Reykjavík taki þátt í landsmóti skólahljómsveita.	LÓ	Allar sveitir tóku þátt í 2 landsmótum skólahljómsveita, á Höfn í Hornafirði og í Reykjanesbæ.
Bæta aðstöðu skólahljómsveita í grunnskólum borgarinnar.	LÓ	Aðstað til kennslu var bætt í Foldaskóla.
Bæta kennsluaðstöðu fyrir starfsfólk skólahljómsveitanna.	LÓ	Aðstaða fyrir kennara og stjórnanda var bætt í Foldaskóla, sem er aðalbækistöð Skólahljómsveitar Grafarvogs.
Efna til hvatningarverðlauna meðal tónlistarnema í borginni.	LÓ	Frestað til næsta hausts
F. Námsflokkar Reykjavíkur		
Hrinda úr vör verkefni sem miðar að því að efla þátt sjálfsstyrkingar í námi og þekkingu starfsfólks á þýðingu hennar (2 ára verkefni).	BÁ	Undirbúningsvinna hafin.
Byggja upp sérkennslu fyrir nemendur með sértæka námserfiðleika, m.a. með ráðningu sérkennara.	BÁ	Sérkennari hefur hafið störf.
Efla náms- og starfsráðgjöf á þjónustumiðstöðvum borgarinnar og þverfaglegt samstarf.	BÁ	Fyrirkomulagi náms- og starfsráðgjafar hefur að hluta til verið breytt til að auka gæðin.
Vinna í samstarfi við grunn- og framhaldsskóla að því að finna nemendur í brotthvarfshættu.	BÁ	Verkefnið <i>Starfskraftur</i> er hafið. Námsstefna um brotthvarf er í undirbúningi.
Endurskoða íslenskukennslu fyrir fólk af erlendum uppruna.	BÁ	Mímir hefur sent Reykjavíkurborg tillögur.
Gera þarfagreiningu á því hversu margir borgarþúar eldri en 16 ára þurfa á grunnnámi að halda og hvaða námstilboð henti þeim best.	BÁ	Undirbúningur hafinn hjá TOR.